

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar til 1. apríl 1970 fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum:

- Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40'7" N og 22°55' V og þaðan í réttvísandi 213° og frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í norðurátt í punkt 63°54'8" N og 23°26' V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislinunni.
- Í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línunum, er hugsast dregnar milli eftirgreindra punkta:

1.	64°28' N	23°57' V
2.	64°27' N	24°43' V
3.	64°18' N	24°43' V
4.	64°18' N	24°23' V

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1970 í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin út Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki falla undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.